

# NÍTJÁN MÍNÚTUR



JODI PICOULT

# NÍTJÁN MÍNÚTUR

INGUNN ÁSDÍSARDÓTTIR  
ÞÝDDI

**SKRUDDA**  
2007

Áður útkomið hjá Skrudda:

Á ég að gæta systur minnar? 2006

**NÍTTJÁN MÍNÚTUR**

© 2007 Jodi Picoult

© 2007 Íslensk þýðing: Ingunn Ásdísardóttir

Umbrot: Skrudda ehf.

Prentun og bókband: WS Bookwell, Finnlandi

Útgefandi: Skrudda ehf.

skrudda@skrudda.is

www.skrudda.is

Bókin er gefin út með samkomulagi við  
Sane Töregård Agency AB

Bókin var fyrst gefin út í Bandaríkjunum af Atria Books  
undir nafninu *Nineteen Minutes* árið 2007.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem  
ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan  
hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9979-655-13-8

# FYRSTI HLUTI

*Ef við breytum ekki um stefnu, endum við á upphaflegum áfangastað.*

– KÍNVERSKUR MÁLSHÁTTUR



*Þegar þú lest þetta, verð ég vonandi ekki lengur lífs.*

*Maður getur ekki tekið aftur það sem hefur gerst, maður getur ekki tekið aftur orð sem hafa verið sögð. Þú munt hugsa um mig og óska þess að þú hefðir getað talað við mig og fengið mig til að hætta við þetta. Þú munt hugsa endalaust um hvað hefði verið það eina rétta sem þú hefðir getað sagt eða gert. Ég ætti sjálfsagt að segja: Ekki kenna þér um þetta, þetta er ekki þér að kenna, en það væri ekki satt. Við vitum alveg að ég lenti ekki þarna af sjálfsdáðum.*

*Þú munt gráta við útförina mína. Þú munt segja að þetta hefði ekki þurft að fara svona. Þú munt gera það sem allir búast við að þú gerir. En muntu sakna mín?*

*Eða það sem er meira um vert – mun ég sakna þín?*

*Viljum við nokkuð heyra svarið við þessari spurningu?*





## 6. MARS 2007

Á nítján mínútum getur maður slegið blettinn, litað á sér hárið, horft á þriðjung úr hokkíleik. Á nítján mínútum getur maður bakað skonsur eða fengið fyllingu í tönn hjá tannlæknum, maður getur brotið saman þvott af fimm manna fjölskyldu.

Miðarnir á úrslitaleikinn hjá Tennessee Titans seldust upp á nítján mínútum. Nítján mínútur er meðallengd kjaftaþátta í sjónvarpinu að frá-dregnum auglýsingum. Það tekur nítján mínútur að keyra frá mörkum Vermontfylkis til Sterlingborgar í New Hampshire.

Á nítján mínútum getur maður pantað sér pítsu og fengið hana senda heim. Maður getur lesið sögu fyrir barn eða látið skipta um olíu á bílnum. Gengið tvo kílómetra. Faldað pils.

Á nítján mínútum getur maður stöðvað heiminn eða hreinlega stökkið frá borði.

Á nítján mínútum getur maður náð fullum hefndum.

Alex Cormier var að verða of sein eins og vanalega. Það tók þrjátíu og tvær mínútur að keyra að heiman frá henni til dómshússins í Grafton County, New Hampshire, og því aðeins að hún keyrði yfir hraðamörkum í gegnum Orford. Hún hljóp niður á sokkunum með hælahaá skóna í hendinni ásamt skjölunum sem hún hafði tekið með sér heim yfir helgina. Hún vafði þykkt, koparrautt hárið í hnút og festi með hárspennum í hnakknum og breytti sér þar með í þá persónu sem hún þurfti að vera þegar hún kæmi út úr húsinu.

Alex hafði verið yfirdómari í þrjátíu og fjóra daga. Hún hafði haldið að þar sem hún hafði staðið í stykkinu sem héraðsdómari síðastliðin fimm ár yrði henni auðveldara að taka við þessu embætti. En fertug að aldri var hún samt ennþá yngsti dómari í fylkinu. Hún varð enn að berjast til að festa sig í sessi sem réttlátt dómvald – ferill hennar sem verjandi í opinberum málum fylgdi henni inn í réttarsalinn og sækjendur gerðu ráð fyrir því að hún héldi með sakborningunum. Fyrst, fyrir mörgum árum, þegar Alex

hafði sótt um stöðu dómara, hafði hún gert það af þeirri frómu ósk að vilja tryggja að innan dómskerfisins væri fólk talið saklaust þar til sekt þess væri sönnuð. En það hafði aldrei hvarflað að henni að hún sjálf, sem dómari, fengi ekki líka að njóta vafans.

Anganin af nýlögðu kaffi dró Alex inn í eldhúsið. Dóttir hennar hékk fram á eldhúsborðið yfir rjúkandi heitum kaffibolla með nefið ofan í námsbók. Josie leit út fyrir að vera dauðþreytt – blá augun voru rauð og þrútin, rauðbrúnt hárið var í flókatagli. „Ætlaðu að segja mér að þú hafir vakað í alla nótt?“ spurði Alex.

Josie leit ekki einu sinni upp. „Nei, ég hef ekki vakað í alla nótt,“ apaði hún upp eftir móður sinni.

Alex hellti sér kaffi í bolla og tyllti sér á stól andspænis henni við borðið. „Ertu að segja satt?“

„Þú baðst mig að segja þér eitthvað,“ ansaði Josie. „Þú baðst mig ekki að segja satt.“

Alex hnyklaði brýnnar. „Þú ættir ekki að drekka kaffi.“

„Og þú ættir ekki að reykja sígarettur.“

Alex fann hitann stíga fram í andlitið. „Ég er hætt –“

„Góða mamma,“ sagði Josie og andvarpaði. „Þó að þú reykir út um baðherbergisgluggann þá finn ég samt lyktina í handklæðunum.“ Hún leit upp og manaði Alex með augnaráðinu til að ávita hana fyrir aðra ósiði.

Sjálf hafði Alex enga aðra ósiði. Hún hafði ekki tíma fyrir ósiði. Hún hefði viljað geta sagt að hún vissi með vissu að Josie hefði enga ósiði heldur, en þá hefði hún dregið sömu ályktun og allir aðrir gerðu þegar þeir hittu Josie: fallega, vinsæla skólástúlku sem fékk alltaf góðar einkunnir og vissi betur en flestir hvaða afleiðingar það hafði að lenda út af sporinu. Hún var stúlka sem átti framtíðina fyrir sér. Ung kona sem var nákvæmlega það sem Alex hafði vonað að dóttir hennar yrði þegar hún yxi upp.

Josie hafði einu sinni verið afar stolt af því að eiga móður sem var dómari. Alex mundi eftir henni útvarpa starfsferli hennar til gjaldkeranna í bankanum, pokakrakkanna í stórmarkaðnum, flugþjóna í flugvélum. Hún hafði oft spurt Alex um málin sem hún vann í og ákvarðanir hennar. En þetta hafði allt breyst fyrir þremur árum þegar Josie fór í framhaldsskóla og samskipti þeirra mæðgnanna höfðu stirðnað smátt og smátt. Alex hélt svo sem ekki að Josie væri beinlínis að fela eitthvað fyrir sér, ekkert meira en hver annar venjulegur táníngur, en þetta var samt öðruvísi: venjulegt foreldri gat dæmt vini barna sinna, en Alex gat gert það samkvæmt lögum.

„Hvað er á dagskránni í dag?“ spurði Alex.

„Skyndipróf. En hjá þér?“

„Upphaf meðferðar í sakamáli,“ svaraði Alex. Hún pírdi augun til að reyna að lesa á bókina hjá Josie á hvolfi. „Efnafræði?“

„Efnahvatar.“ Josie nuddaði á sér gagnaugun. „Efni sem flýtir fyrir efna-  
hvörfum án þess að breytast sjálft. Eins og ef maður er með kolmónoxíð og  
vetni og blandar í það sinki og krómoxíði og ... hvað er að?“

„Ekkert. Ég mundi bara allt í einu af hverju ég fékk C í efnafræði. Ertu  
búin að fá þér morgunmat?“

„Kaffi,“ sagði Josie.

„Kaffi er ekki að marka.“

„Jú víst, þegar þú ert að flýta þér,“ benti Josie á.

Alex vó og mat hvort skipti meira máli, að verða fimm mínútum of sein  
eða fá enn einn skammarpunktinn í uppeldiskladdann á himnum. *Ætti  
sautján ára unglingur ekki að geta séð um sig sjálfur á morgnana?* Alex fór að  
tína út úr ísskápnum: egg, mjólk, beikon. „Ég þurfti einu sinni að dæma í  
máli konu sem átti að vista nauðuga á geðdeildinni af því að hún hélt að hún  
væri frægur sjónvarpskokkur. Maðurinn hennar kærði hana þegar hún setti  
hálf kíló af beikoni í blenderinn og elti hann um allt eldhúsið með búrhníf-  
inn í hendinni og öskraði *Plaff!*“

Josie leit upp úr bókinni. „Í alvöru?“

„Góða besta, ég hef ekki hugmyndaflug til að búa svona til.“ Alex braut  
egg á pönnuna. „Þegar ég spurði hana hvers vegna hún hefði sett beikonið í  
blenderinn, horfði hún bara á mig og sagði að við notuðum greinilega ekki  
sömu aðferðir við eldamenskuna.“

Josie stóð upp og hallaði sér upp að skáp og horfði á móður sína elda.  
Húsverk voru ekki sterkasta hlið Alex – hún kunni ekki að ofnsteikja en  
stærði sig af því að muna símanúmerin á öllum pítsu- og kínastöðunum í  
Sterling sem buðu upp á fría heimsendingu. „Bara róleg,“ sagði Alex þurr-  
lega. „Ég hlýt að geta þetta án þess að kveikja í húsinu.“

En Josie tók pönnuna úr höndunum á henni og raðaði beikonsneiðunum  
á hana snyrtilega hlið við hlið eins og sjómönnum í röð. „Af hverju ertu  
eiginlega í þessum fötum?“ spurði hún svo.

Alex leit niður á pilsíð sitt, skyrtna og hælahaá skóna og hrukkaði ennið.  
„Af hverju spyrdú? Er ég of mikið eins og Margaret Thatcher?“

„Nei, ég meina ... af hverju ertu að þessu? Það veit enginn í hverju þú ert  
undir dómarskikkjunni. Þú gætir verið í hverju sem er, náttfötunum eða  
eitthvað. Eða peysunni sem þú átt ennþá síðan þú varst í skóla og er götött  
á olnbögnum.“

„Það er ætlast til þess að ég klæðist ... ja, virðulega, hvort sem einhver sér það eða ekki.“

Það dimmdi yfir svip Josie og hún tók til við að snúa sneiðunum á pönnunni eins og Alex hefði svarað einhvern veginn vitlaust. Alex starði á dóttur sína – nagaðar neglurnar, fæðingarblettinn á bak við eyrað, sikksakkskiptinguna í hárinu – en sá bara litla stýrið sem hafði beðið í glugganum hjá dagmömmunni um sólarlagsbil, af því að hún vissi að þá kæmi mamma að sækja hana. „Ég hef aldrei farið í náttfötunum í vinnuna,“ viðurkenndi hún, „en það kemur fyrir að ég læsi inn á skrifstofu til mín til að fá mér krú á gólfinu.“

Löturhægt breiddist undrunarbros yfir andlitið á Josie. Hún tók við þessari játningu móður sinnar eins og fiðrildi sem hefði allt í einu sest á höndina á henni: einhverju svo óvæntu og viðkvæmu að maður þorði ekki einu sinni að benda á það af ótta við að missa það aftur. En það þurfti að aka góðan spöl, draga fólk fyrir dóm og leysa efnafræðidæmi og þegar Josie var búin að setja beikonið á eldhúsbréf til að láta renna af því var augnablikið flogið á burt.

„Ég skil samt ekki af hverju ég þarf að borða morgunmat ef þú þarft þess ekki,“ tuldraði Josie.

„Af því að þú þarft að vera búin að ná ákveðnum aldri til að hafa leyfi til að eyðileggja heilsu þína.“ Alex benti á egginn sem Josie var að hræra í á pönnunni. „Lofaðu mér því að þú klárir þetta.“

Josie mætti augnaráði hennar. „Lofa því.“

„Þá fer ég.“

Alex greip ferðakaffibollann sinn og hljóp út. Um það leyti sem hún bakkaði út úr bílskúrnum, var hún þegar með allan hugann við skýrsluna sem hún þurfti að skrifa eftir hádegið, hve mörgum dómsmálum ritarinn væri búinn að úthluta henni, kærumálum sem hefðu fallið eins og skuggar yfir skrifborðið hennar frá föstudagseftirmiðdegi fram til þessa mánudagsmorguns. Hún var komin inn í veröld langt fjarri heimili sínu þar sem dóttir hennar stóð nú, nákvæmlega á þessu augnabliki, og skóf eggjæruruna af pönnunni ofan í ruslafötuna án þess að fá sér einn einasta bita.

Stundum fannst Josie líf sitt vera eins og herbergi með engum gluggum eða dyrum. Þetta var vissulega stórt og íburðarmikið herbergi – herbergi sem helmingurinn af krökkunum í Sterling High framhaldsskólanum hefði gefið hægri höndina á sér fyrir að fá að koma þar inn – en þetta var líka herbergi sem engin útgönguleið var úr. Annaðhvort var Josie einhver sem hún vildi ekki vera, eða þá að hún var einhver sem enginn vildi þekkja.

Hún lyfti andlitinu upp í strauminn úr sturtuhausnum – hún hafði stillt vatnið svo heitt að hún varð öll eldrauð, gat varla andað og rúðurnar huldust móðu. Hún taldi upp að tíu og skaust þá loks undan sturtunni og stóð nakin og blaut fyrir framan spegilinn. Andlitið var rautt og þrútið, hárið klesstist við axlirnar í þykkum þvengjum. Hún sneri hliðinni í spegilinn og grandskoðaði flatan magann, dró hann aðeins meira inn. Hún vissi hvað Matt sá þegar hann horfði á hana, hvað Courtney og Maddie og Brady og Haley og Drew sáu – hún vildi bara að hún gæti sjálf séð það sama og þau öll. Vandamálið var, að þegar Josie horfði í spegilinn sá hún það sem var undir rauðri húðinni en ekki það sem hafði verið málað utan á hana.

Hún vissi alveg hvernig hún átti að líta út og hvernig hún átti að hegða sér. Dökkt hárið var sitt og slétt, hún klæddi sig í Abercrombie & Fitch-föt, hún hlustaði á Dashboard Confessional og Death Cab for Cutie. Hún kunni því vel að finna að hinar stelpurnar í skólanum fylgdust með henni þegar hún sat á kaffistofunni og málaði sig með snyrtidótinu hennar Courtney. Hún kunni því vel að kennararnir lærðu nafnið hennar strax í fyrsta tíma. Hún kunni því vel að vita að strákarnir góndu á hana þegar hún gekk eftir ganginum með arm Matts um mittið á sér.

En hluti af henni spáði í hvað myndi gerast ef hún leyfði þeim öllum að komast að leyndarmálinu – að suma morgna átti hún í erfiðleikum með að komast upp úr rúminu og setja upp bros einhvers annars, að hún hékk í lausu lofti, var gervipía sem hló að öllum réttu bröndurunum og hvíslaði allt rétta slúðrið og krækti í rétta gæjann, gervipía sem hafði næstum því gleymt því hvernig það var að vera raunveruleg ... og sem langaði ekki til að muna það þegar allt kom til alls, af því að það meiddi mann jafnvel ennþá meira en hitt.

Hún gat ekki talað um þetta við neinn. Ef maður svo mikið sem *efaðist smá* um að maður ætti heima í forréttindahópnum með vinsæla liðinu, þá átti maður ekki heima þar. Og Matt – jújú, hann hafði fallið fyrir yfirborðinu á Josie, eins og allir aðrir. Þegar gríman féll í ævintýrunum, þá elskaði fallegi prinsinn stúlkuna samt, sama hvernig hún leit út – og það varð til þess að hún losnaði úr álögunum og varð að kóngsdóttur. En það var ekki þannig í framhaldsskólanum. Það sem gerði hana að prinsessu var að hún var með Matt. Og samkvæmt einhverri furðulegri hundalógík þá fór Matt að vera með henni af því að staðreyndin var sú að hún var ein af prinsessunum í Sterling High.

Hún gat ekki heldur talað um þetta við mömmu sína. *Maður hættir ekki að vera dómari þegar maður gengur út úr dómshúsinu*, sagði mamma hennar

oft. Þess vegna drakk Alex Cormier aldrei meira en eitt vínglas úti á meðal fólks, þess vegna gargaði hún aldrei eða grét. Það var hallærislegt að tala um reynslutíma miðað við að það var aldrei nógu gott að þurfa að sanna sig, maður átti að vera fremstur í flokki allt frá byrjun, punktur. Margt af því sem mamma Josie var stoltust af í sambandi við hana – einkunnirnar hennar, útlitið, að vera í aðalklíkunni – hafði Josie ekki gert af því að hana langaði svo mikið til þess sjálfa, heldur miklu frekar af því að hún var skít-hrædd við tilhugsunina um að vera ekki fullkomin.

Josie vafði handklæði utan um sig og fór inn til sín. Hún náði sér í gallabuxur í skápinn og fór svo í tvo langermaboli, nógu þrönga til að sýna barminn, hvorn utan yfir annan. Hún leit á úrið sitt – hún yrði að fara að koma sér af stað ef hún ætti ekki að verða of sein.

Áður en hún fór út úr herberginu hikaði hún samt. Hún hlassaði sér á rúmið og þreifaði undir náttborðið eftir plastpokanum sem hún hafði límt neðan undir plötuna. Í honum voru birgðir af svefntöflum sem hún hafði stolið frá móður sinni, einni pillu í einu svo að hún tæki ekki eftir því. Það hafði tekið Josie næstum sex mánuði að hamstra aðeins fimmtán pillur, en hún taldi að þær ásamt einni vodkaflösku ættu að duga. Það var svo sem ekki eins og hún væri komin með áætlun, í alvörunni, um að drepa sig næsta þriðjudag, eða þegar snjórinn væri farinn, eða eitthvað svoliðis beint. Þetta var meira svona eins og eitthvað sem hún hafði í bakhöndinni: Þegar sannleikurinn kæmi í ljós og enginn vildi umgangast hana lengur þá lá í augum uppi að Josie sjálf myndi ekki heldur hafa áhuga á að umgangast sig.

Hún festi pillupokann aftur undir náttborðið og fór niður. Þegar hún kom inn í eldhúsið til að setja ofan í bakpokann sinn sá hún efnafræðibókina liggja ennþá opna á borðinu – og flotta rauða rós á henni miðri.

Matt hallaði sér upp að ísskápnum í horninu, hann hlaut að hafa komið inn í gegnum opnar bílskúrsdyrnar. Eins og alltaf þegar hún sá hann fannst henni hún synda í árstíðum – hárið á honum var í öllum litum haustsins, augun blá eins og heiður vetrarhiminn, brosið bjart eins og sumarsól. Hann var með körfubolta húfu öfuga á hausnum og í stuttermabol merktum Sterling Varsity Hockey utan yfir útivistarskyrtu sem Josie hafði einu sinni stolið í heilan mánuð og falið hjá nærfötunum sínum svo að þegar hún þurfti á að halda gat hún farið og fundið lyktina af honum.

„Ertu ennþá fúl út í mig?“ spurði hann.

Josie hikaði. „Það var ekki ég sem fór í fýlu.“

Matt ýtti sér frá ísskápnum og kom til hennar þar til hann gat krækt örmunum utan um mittið á Josie. „Þú veist að ég get ekkert að þessu gert.“

Spékoppur kom í ljós í hægri kinninni, Josie fann hvernig hún byrjaði öll að mýkjast upp. „Það var ekki af því að ég vildi ekki hitta þig. Ég bara varð að læra heima.“

Matt strauk hárið frá andliti hennar og kyssti hana. Þetta var einmitt ástæðan fyrir því að hún hafði bannað honum að koma í gærkvöldi – þegar hún var með honum fannst henni hún sjálf hverfa, leysast upp. Stundum þegar hann snerti hana, ímyndaði hún sér sig fjúka burt eins og lítið gufuský.

Það var hlynsírópsbragð af honum, fyrirgefningarbragð. „Þetta er allt þér að kenna,“ sagði hann. „Ég myndi ekki haga mér svona eins og hálfviti ef ég elskaði þig ekki svona mikið.“

Á þessu augnabliki mundi Josie ekki eftir pillunum sem hún var búin að hamstra uppi í herberginu sínu, hún mundi ekki eftir því að hafa skælt í sturtunni, hún mundi ekkert annað en hvað það var dásamleg tilfinning að láta dýrka sig. *Ég er heppin*, sagði hún við sjálfa sig og orðið rann gegnum huga hennar eins og silfurlitur þráður. *Heppin, heppin, heppin*.

Patrick Ducharme, eini rannsóknarlögreglumaðurinn í lögreglunni í Sterling, sat á bekk yst í búningsklefanum og hlustaði á götulöggurnar á morgunvaktinni stríða nýliða sem var dálítið þéttur um sig miðjan. „Heyrðu, Fisher,“ sagði Eddie Odenkirk, „hvort ert það þú sem ert óléttur eða konan þín?“

Hinir fóru að hlæja en Patrick vorkenndi stráknum. „Eddie, það er of snemmt ennþá,“ sagði hann. „Geturðu að minnsta kosti ekki beðið þangað til við erum búnir að fá okkur kaffi?“

„Ég myndi gera það, stjóri,“ svaraði Eddie hlējandi, „en það lítur út fyrir að Fisher sé búinn að éta alla kleinuhringina og – hvað í andskotanum er þetta einleiga?“

Patrick fylgdi augnaráði Eddie niður á tærnar á sjálfum sér. Yfirleitt skipti hann ekki um föt í búningsklefanum með götulöggunum, en þennan morgun hafði hann hlaupið í vinnuna í stað þess að koma á bílnum, til að vinna aðeins gegn of miklu af góðum mat um helgina. Hann hafði eytt helginni í Maine með stúlkunni sem þessa stundina var konan í lífi hans – guðdóttur sinni sem var fimm og hálf árs og hét Tara Frost. Nina, móðir hennar, var elsta vinkona Patricks og eina ástin sem hann ætti sennilega aldrei eftir að komast yfir, þó að hún virtist komast ágætlega af án hans. Um helgina hafði Patrick viljandi tapað túbúsund svörtupétrum, leyft endalaus reiðtúra á háhesti, látið setja upp á sér hárið, og – það voru

grundvallarmistöð – leyft Töru að lakka á sér táneglurnar skærbleikar og gleymt að taka það af.

Hann leit niður á tærnar á sér og kreppti þær svo undir ilina. „Stelpum finnst þetta flott,“ sagði hann þurrlega en mennirnir sjö í búningsklefanum börðust við að flissa ekki upphátt að manninum sem opinberlega var yfirmaður þeirra. Patrick rykkti sokkunum á lappirnar, renndi sér í skóna og stikaði út, enn með bindið í hendinni. *Einn*, taldi hann. *Tveir, þrír*. Það passaði nákvæmlega, hlátrasköllin dundu á honum út úr búningsklefanum og eltu hann fram ganginn.

Hann lokaði dyrunum á skrifstofunni sinni á eftir sér og leit í pínulítinn spegil sem hékk innan á hurðinni. Svart hárið var ennþá rakt eftir sturtuna og hann var rauður í kinnum eftir hlaupin. Hann setti á sig bindið og settist svo við skrifborð sitt.

Sjötíu og tvö skjábréf höfðu komið yfir helgina – og fleiri en fimmtíu þýddi venjulega að hann kæmist ekki heim fyrr en klukkan átta á kvöldin alla vikuna. Hann byrjaði að fara yfir þau og bæta atriðum á verkefnalistann sem aldrei styttest, sama hvað hann puðaði.

Þennan dag þurfti Patrick að keyra með eiturlyf til rannsóknastofu fylkisins – sem var ekki mikið mál að öðru leyti en því að þar ruku fjórir tímar af vinnudeginum út um gluggann. Hann þurfti líka að loka nauðgunarmáli þar sem búið var að bera kennsl á ódæðismanninn af skólaspjaldi úr menntaskóla, yfirheyra hann og senda skýrsluna til saksóknara. Heimilislaus róni hafði stolið farsíma úr bíl, niðurstöður úr blóðrannsókn voru komnar til samanburðar við gögn úr innbroti í skartgripabúð, og hann þurfti að mæta við fyrirtöku máls í yfirrétti – og fyrsta mál dagsins var þegar komið – peningaveskjum hafði verið stolið og kreditkortin notuð þannig að hann hafði þó eitthvað til að rekja þar.

Patrick var rannsóknarlögreglumaður í litlum bæ og varð því að ganga á öllum strokkum alltaf. Öfugt við löggur sem hann þekkti sem unnu við stórar deildir á lögreglustöðvum stórborganna, þar sem þeir höfðu sólarhring til að leysa hvert mál áður en því var stungið ofan í skúffu, varð Patrick að taka á hverju máli sem kom inn á borð til hans – hann gat ekki valið þau áhugaverðustu úr. Það var dálítið erfitt að verða rosaspenntur yfir falsaðri ávísun eða þjófnaðarmáli sem endaði með því að fíflíð fengi 200 dollara sekt en skattgreiðendur greiddu fimm sinnum meira fyrir að láta Patrick vinna í því í heila viku. En í hvert skipti sem hann fór að hugsa að málin sem hann fengist við væru ekki sérlega spennandi endaði það með því að hann þurfti að standa augliti til auglitis við þolanda: hýsteríska móður



sem veskinu hafði verið stolið af, gömul hjón sem áttu litla skartgripabúð og höfðu verið rænd ellitryggingunni sinni, skekinn háskólaprófessor sem hafði orðið fórnarlamb höfundarréttarstuldar. Patrick vissi að vonin var það eina tengdi hann og manneskjuna sem kom og leitaði aðstoðar. Ef hann gæfi sig ekki allan í verkefnið, þá yrði viðkomandi fórnarlamb til æviloka – og þetta var ástæðan fyrir því að síðan Patrick hafði gengið til liðs við lögregluna í Sterling, hafði honum tekist að upplýsa hvert einasta mál sem hafði komið inn á borð til hans.

En samt.

Þegar Patrick lá einn heima í rúminu sínu og lét hugann reika um viðkomustaði ævi sinnar voru það ekki allir sigrarnir, bæði stórir og smáir, sem rifjuðust upp fyrir honum – heldur atburðirnir sem hefðu getað orðið öðruvísi. Þegar hann skoðaði sig um í skemmu þar sem búið var að stela öllu steini léttara, eða bíl sem hafði verið tekinn og strípaður og skilinn eftir á víðavangi eða þegar hann ýtti bréfpurrku til stúlku sem hafði verið nauðgað á fyrsta deitinu sínu, gat Patrick ekki að því gert að finnast hann hafa komið of seint. Hann var rannsóknarlögreglumaður en það sem hann rannsakaði voru bara brotnar leifar einhvers sem hefði átt að vera hægt að koma í veg fyrir.

Þetta var fyrsti hlýindadagurinn í mars, dagurinn þegar maður fór að trúa því að snjórinn færi nú bráðum að láta undan síga, og að júní væri í alvör- unni alveg á næstu grösum. Josie sat á húddinu á Saabinum hans Matts á nemendabílastæðinu og hugleiddi hvað það væri stutt í sumarið og að það væru ekki nema þrír mánuðir þangað til hún yrði opinberlega komin upp í eldri deildina í skólanum.

Matt lá við hliðina á henni og hallaði sér upp að framrúðunni og teygði andlitið til sólar. „Skrópum,“ sagði hann. „Það er of gott veður til að hanga inni í allan dag.“

„Ef þú skrópar verðurðu settur á bekkinn.“

Framhaldsskólakeppnin í hokkí átti að byrja þennan eftirmiðdag og Matt spilaði á hægri kantinum. Sterling hafði unnið árið áður og ekkert gaf til kynna að sá leikur yrði ekki endurtekinn. „Þú kemur á leikinn,“ sagði Matt, og það var ekki spurning heldur staðhæfing.

„Ætlar þú að skora?“

Matt glotti kvikindislega og kippti henni upp á brjóst sér. „Geri ég það ekki alltaf?“ sagði hann en hann var ekki að tala um hokkí og hún fann hvernig hún hitnaði á hálsinum og blóðið þaut fram í andlitið.

Allt í einu fann Josie hagléf skella á bakinu á sér. Þau settust bæði upp og sáu þá Brady Pryce ruðningsboltaleikmann koma labbandi og leiða Haley Weaver, balldrottningu skólans. Haley kastaði annarri lófafylli af penníum – þannig óskuðu nemendur í Sterling High íþróttamönnum sínum góðs gengis fyrir leik eða keppni. „Láttu þá hafa það, Royston,“ kallaði Brady.

Stærðfræðikennarinn var líka á leið yfir bílastæðið með slitna, svarta skjalatösku og hitabrúsa með kaffi í hendinni. „Góðan daginn, herra McCabe,“ kallað Matt til hans. „Hvernig gekk mér í prófinu á föstudaginn?“

„Til allrar hamingju hefurðu aðra hæfileika til að hífa upp einkunnirnar þínar, Royston,“ svaraði kennarinn um leið og hann fór ofan í vasa sinn. Svo blikkaði hann Josie um leið og hann kastaði smámyntinni, penníum sem féllu af himnum á axlir hennar eins og skrautsnífsi, eins og stjórnur sem losnuðu af festingunni.

*Það gat nú verið*, hugsaði Alex um leið og hún tróð öllu ofan í töskuna sína aftur. Hún hafði skipt um handtösku og skilið aðgangsykilkortið sitt eftir heima, þannig að hún komst ekki inn um starfsmannainnganginn baka til á dómshúsinu. Og þó að hún væri búin að hringja bjöllunni margsinnis virtist enginn vera við til að hleypa henni inn.

„Fjárans,“ tuldraði hún ofan í bringu sér og krækti fyrir pollana svo að hælahaú krókóðilaskinnsskórnir hennar skemmdust ekki – einn af kostunum við að mega leggja bílnum á bak við var einmitt að þurfa *ekki* að gera þetta. Hún gæti farið í gegnum ritarskrifstofurnar inn á dómarskrifstofu sína og ef pláneturnar væru henni hliðhollar næði hún jafnvel inn í réttarsalinn án þess að valda seinkunn á dagskrá réttarins.

Öfugt við héraðsdómsstigið þar sem lögmennirnir voru stöðugt á ferðinni frá einu dómshúsi til annars starfaði Alex nú hér í heila sex mánuði samfleytt og því þekktu réttarþjónarnir hana strax þó að það stæðu tuttugu manns í biðröð við aðalinnganginn. Þeir bentu henni að koma fremst í röðina, en þar sem hún var með lykla og hitakönnu úr ryðfríu stáli og Guð veit hvað fleira í veskinu sínu, fór vopnaleitarkerfið að pípa hástöfum.

Allra augu beindust nú að henni, hver einasta sál í anddyrinu snéri hausnum til að sjá hver hefði verið nappaður. Alex setti undir sig hausinn og stikaði svo hratt inn eftir bónuðu flísagólfinu að hún rann og datt næstum því. Um leið og hún missti jafnvægið rétti riðvaxinn maður fram handlegginn til að styðja hana. „Hæ, sæta,“ sagði hann flírulega, „flottir skór.“

Alex kippti að sér handleggnum og strunsaði áfram í átt að skrifstofunum án þess að svara. Enginn hinna yfirdómaranna mátti sæta svona

lögðu. Wagner dómari var indælismaður en í framan eins og grasker sem hefði verið látið eiga sig eftir hrekkjavökuna og var farið að rotna. Gerhardt dómari – sem var líka kona – gekk í *blússum* sem voru eldri en Alex sjálf. Þegar Alex kom fyrst til starfa við yfirdóminn hafði hún haldið að það væri kostur að vera tiltölulega ung og sæmilega aðlaðandi kona – eins konar mótvægi við hina venjulegu dómaraímynd – en á morgnum eins og þessum var hún ekki eins viss í sinni sök.

Þegar hún kom inn á skrifstofu sína henti hún frá sér veskinu sínu, fór í skikkjuna og tók sér fimm mínútur til að drekka kaffið sitt og líta yfir dagskrána. Hvert mál var í sérstöku umslagi en mál síbrotamanna voru saman í bunka sem haldið var saman með teygju og stundum skrifuðu dómarnir skilaboð hver til annars á gula miða sem þeir límdu fremst. Alex opnaði einn slíkan bunka og við henni blasti teikning af ólapriksandliti á bak við rimla – merki frá Gerhardt dómara um að nú væri viðkomandi kominn á síðasta séns og við næsta brot færi hann á bak við lás og slá.

Hún hringdi bjöllunni til að láta réttarþjóninn vita að hún væri tilbúin og beið þess að heyra hann segja öllum í salnum að rísa á fætur fyrir hæstvirtum dómara, Alex Cormier. Þegar hún gekk inn í salinn leið Alex alltaf eins og hún væri að stíga á svið í fyrsta sinn á frumsýningu á Broadway. Maður veit að það verður fólk í salnum, maður veit að allir eru að horfa á mann, en það breytir því ekki að eitt augnablik getur maður ekki andað, getur ekki trúað því að maður sjálfur sé sá sem allt þetta fólk er komið til að sjá.

Alex gekk rösklega inn í dóminn og settist. Þennan morgun lágu sjötú mál fyrir og salurinn var þéttsetinn. Fyrsti ákærði var kallaður inn og hann lufsaðist í sæti sitt og horfði niður á gólf.

„Herra O’Reilly,“ sagði Alex og þegar maðurinn leit upp og á hana sá hún að þetta var sá sami og hafði stutt við hana frammi í andyrinu. Honum leið greinilega óþægilega núna þegar hann hafði áttað sig á því hverja hann hafði verið að daðra við. „Varst það ekki þú sem aðstoðaðir mig frammi áðan?“

Hann kyngdi. „Jú, háttvirtur dómari.“

„Ef þú hefðir vitað að ég væri dómari, herra O’Reilly, hefðir þú þá sagt, „Hæ, sæta, flottir skór?““

Hinn ákærði leit niður á meðan hann vó og mat hvort heiðarleikinn væri viðeigandi eða ekki. „Ég hugsa það, háttvirtur dómari,“ sagði hann svo eftir stutta þögn. „Þetta eru flottir skór.“

Það varð dauðaþögn í réttarsalnum á meðan allir biðu þess að sjá viðbrögð hennar. Alex brosti breitt. „Herra O’Reilly,“ sagði hún svo, „ég gæti ekki verið meira sammála.“